

Föstudaginn 11. nóvember 1949.

Nr. 98/1946. **Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Davíðsson**

(Ragnar Jónsson)

gegn

**Páli Friðfinnssyni** (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson  
og Guðmundur Í. Guðmundsson bæjar-  
fógeti í stað hrd. Árna Tryggvasonar  
og hrd. Jóns Asbjörnssonar.

Héraðsdómur ómerktur.

### Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu gerir stefndi kröfu á hendur áfrýjendum um greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar húss, er stefndi hafði tekizt á hendur að reisa fyrir áfrýjendur. Í málinu er ágreiningur með aðiljum um ýmsa kostnaðarliði, bæði að því er varðar vinnu og efni. Meðal annars eru sérstaklega véfengd efnisframlög stefnda samkvæmt reikningi hans, og nema þeir liðir samtals kr. 6908.83. Þykir rétt að veita stefnda kost á að gera nánari grein fyrir efni þessu og hvort það hafi gengið til byggingar hússins. Þá er málinu svo háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérkunnáttumenn um húsagerð til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Hefðu þeir átt að yfirfara og gagnrýna matsgerðir og reikninga í málinu, þar á meðal, hvort sennilegt sé, að efni það, sem stefndi telur sig hafa lagt fram, hafi gengið til hússins.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast mál-

inu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Akureyrar 10. júlí 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 21. f. m., hefur stefnandinn, Páll Friðfinnsson byggingameistari, Munkaþverárstræti 48 hér í bænum, höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 23. febr. sl., á hendur Hjalta Friðfinnssyni iðnverkamanni og Jónatan Davíðssyni smið, báðum til heimilis að Helgamagrastræti 12 hér í bænum, og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða eftirstöðvar af byggingarkostnaði, kr. 36.500,00, en þá kröfu hefur stefnandi síðan lækkað í kr. 35.899,56. Þá krefst hann og kr. 16.000,00 í skaðabætur og 6% ársvaxta af báðum upphæðunum frá 26. okt. sl. til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafan verði lækkuð stórlega, og í báðum tilfellum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög máls þessa eru þau, að með samningi 11. apríl 1945 tók stefnandi að sér að byggja íbúðarhúsið nr. 12 við Helgamagrastræti á Akureyri fyrir stefndu. Stefnandi, sem er byggingameistari, átti að veita byggingunni forstöðu, en var þó ekki sjálfur tímabundinn við hana, þannig að hann hafði heimild til að hafa fleiri en eina byggingu með höndum samtímis. Hann átti samkvæmt samningnum að leggja til og útvega nauðsynlegan vinnukraft, annast bókhald og greiðslur og sjá um innkaup á efni til byggingarinnar. Fyrir þjónustu þessa skyldi hann fá greiddar kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra í byggingunni að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, eins og hún var, er samningurinn var gerður. Fyrir vinnu við bygginguna átti stefnandi auk þess að fá greitt venjulegt sveinakaup fyrir hverja stund, er hann vann. Hafizt var handa um byggingu hússins í sama mánuði og samningurinn var gerður.

Með bréfi, dags. 26. október sl., segja stefndu stefnanda upp starfi sínu við byggingu hússins og krefja hann skilagreinar um það fé, er þeir höfðu greitt honum til byggingarinnar, ásamt yfirliti um skuldir, er hann hafði stofnað til vegna byggingarinnar. Þegar þetta gerðist, var húsið fullsteypt og fokhelt. Húsið var steinsteypt, tvær hæðir og kjallari, og var neðri hæð að mestu tilbúin til málningar og dúklögð, ljósa- og hitalagnir voru og að mestu fullgerðar. Efri hæð var óviðgerð að innan, og stóðu skilveggir hennar í mótum. Kjallarinn hafði verið einangraður og búið að draga net undir grófhúðun. Skólþ- og vatnslögn var því nær fullgerð. Rúmmál hússins var 770 rúmmetrar.

Stefnandi mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 7. nóv. 1945, áskildi sér skaðabótarétt og gerði kröfu til greiðslu á eftirstöðvum byggingar-

kostnaðarins, sem ógoldinn var. Telur stefnandi þá upphæð nema kr. 35.899.56 og höfðaði síðan mál þetta til innheimtu þeirrar upphæðar ásamt skaðabótum.

Stefndu byggja sýknukröfu sína og varakröfu um lækkun upphæðarinnar á því, að stefnandi hafi vanefnt verksamninginn með því 1. að vanrækja að kaupa efni til hússins, er það fékkst, 2. að nota efni frá húsinu til annarra þarfa í heimildarleysi, 3. að eftirlit með byggingunni hafi verið lélegt og húsið sé þess vegna stórgallað, 4. að bókhald um byggingarkostnaðinn hafi verið ófullnægjandi; reikningar og fylgiskjöl með þeim séu ófullnægjandi sönnunargögn, þar sem sumir reikningarnir séu ógreiddir af stefnanda, sumir gefnir út af stefnanda sjálfum og ýmsir efnisreikningar beri ekki með sér, til hvers efnið hafi farið; vinnulaunakvittanir séu ekki sérgreindar við húsbygginguna, heldur kvittað í einu lagi fyrir öll verk, er stefnandi hafði með höndum. Af þessu telja stefndu, að ekki verði séð, hver byggingarkostnaðurinn hafi orðið raunverulega, og ástæða sé til að ætla, að hann hafi ekki orðið hærri en stefndu hafi þegar greitt. Sýknukröfu sína af skaðabótakröfunni byggja stefndu á því, að uppsögnin hafi verið réttmæt samkvæmt því, sem að framan segir, og auk þess sé ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna uppsagnarinnar.

Varakrafa stefndu um lækkun stefnukröfunnar nemur kr. 27.204.83, og sundurliða stefndu þá upphæð þannig:

1. Meistaralaun .....	kr. 6.082.80
2. Efni, sem stefndu telja, að ekki hafi farið til byggingarinnar eða a. m. k. ósannað sé, að hafi verið notað í því skyni, svo og andvirði moldar úr grunninum, sbr. dskj. 153 .....	— 12.699.03
3. Ofreiknuð vinnulaun, sbr. dskj. 152 .....	— 6.000.00
4. Kostnaður við viðgerð á veggjum, sbr. dskj. 145 .....	— 200.00
5. Ofreiknað efni .....	— 873.00
6. Ofreiknaður kostnaður við bifreiðaaakstur .....	— 600.00
7. Járn lánað frá byggingunni .....	— 750.00

Samtals kr. 27.204.83

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að hann hafi vanrækt að kaupa efni til byggingarinnar. Þurrð var á ýmsum tegundum byggingarvara sumarið 1945, og verður stefnanda ekki gefið að sök, þótt töf kunnri að hafa orðið við bygginguna af þeim sökum. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Þá telja stefndu, að stefnandi hafi í heimildarleysi tekið gler, járn, timbur, múrpípustokk og sementshrætur frá byggingunni. Stefnandi hefur að visu viðurkennt að hafa tekið nokkuð af efni, er hann hafði keypt til byggingarinnar, til annarra þarfa, en jafnan greitt fullt verð fyrir, enda telur hann sér þetta hafa verið heimilt, þar sem hann útvegðaði efnið. Ekki hefur verið leitt í ljós, að stefndu hafi orðið fyrir tjóni

af þessum sökum eða að efni hafi verið fargað, án þess að greiðsla kæmi fyrir, og þykir þessi sýknuástæða því ekki á rökum byggð.

Stefndu telja einnig, að eftirlit með byggingunni hafi verið slægt og gallar séu þess vegna á húsinu. Dómkvaddir byggingameistarar hafa skoðað húsið og telja ekki aðra galla á því en að á innveggjum efri hæðar séu steypugallar vegna þess, að steypumótin hafi ekki verið hreinsuð nægilega vel. Telja þeir auðvelt að bæta úr þessu, svo að fullnægjandi sé, og muni sú aðgerð kosta kr. 200.00. Yfirsjón þessi af hálfu stefnanda þykir ekki það veruleg, að sýknu varði.

Þá byggja stefndu loks kröfu um algera sýknu á því, að bókhald stefnanda hafi verið ógreinilegt og ófullnægjandi. Fallast má á það með stefndu, að bókhaldi stefnanda hafi verið í nokkru áfátt, einkum að því er snertir vinnustundareikning starfsmanna, og ýmsir reikningar um byggingarvöru bera ekki beinlínis með sér, að varan hafi verið tekin út til þessarar ákveðnu byggingar. Hins vegar þykir þessi ástæða ekki nægilegur grundvöllur til sýknu.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefndu um algera sýknu ekki tekin til greina. Verður því varakrafa stefndu, um lækkun stefnukröfunnar, tekin til meðferðar hér á eftir samkvæmt liðunum 1—7 hér að framan og að lokum skaðabótakrafan.

1. Ekki þykir leitt í ljós, að stefnandi hafi vanrækt svo skyldur sínar samkvæmt verksamningnum, sbr. það, sem að framan er sagt, að hann hafi fyrirgert launum, er honum voru áskilin í samningnum. Ekki hefur verið véfengt, að meistaralaunin, kr. 6082.80, séu rétt reiknuð. Krafa um lækkun samkvæmt þessum lið verður því ekki tekin til greina.

2. Stefndu telja, að í ýmsum tilfellum verði ekki séð, að efni, sem bygging þeirra er skulduð fyrir, hafi raunverulega verið notað til byggingarinnar, og er eftirfarandi liðum sérstaklega mótmælt:

a. Skornar rúður o. fl. skv. dskj. nr. 100, nóta nr. 1190, kr. 313.90, sem stefnandi kaupir hjá byggingarvöruverzlun 30. apr. 1945. Stefndu telja ólíklegt, að stefnandi hafi keypt skornar rúður til byggingarinnar svo snemma, enda hafi þegar verið búið að kaupa heila glerkistu áður. Glerkaup þessi þykja eftir atvikum ekki óeðlileg, þar sem stefndu víta stefnanda í dskj. 122 fyrir vanrækslu um að kaupa gler til hússins.

b. Af sömu ástæðum mótmæla stefndu, að gólfdukalim, sbr. nótu nr. 1213 á dskj. 100, hafi verið notað til hússins. Ekki verður séð, að stefndu hafi verið skuldaðir fyrir meira gólfdukalimi en búið var að dúkleggja með neðri hæð hússins, er stefnanda var sagt upp. Verður því ekki talið unnt að taka til greina mótmæli stefndu um liðina a og b hér að framan.

c. Nótu nr. 2064 á sama dskj., kr. 107.00, en á þessa nótu er skrifað „sjálfur“. Upphæð þessi er ekki innifalin í stefnukröfunni, sbr. dskj. 126, 5. bls. Verður því ekki um lækkun kröfunnar að ræða af þessari ástæðu.

d. Nótu nr. 1449 á sama dskj., kr. 708.75. Á dskj. nr. 138 er nóta þessi færð á kr. 108.75, sem er bersýnileg ritvilla fyrir kr. 708.75. Mótmæli gegn upphæð þessari verða því ekki tekin til greina.

e. Kreditnótu, dskj. 103, er mótmælt sem rangri, án þess að grein sé gerð fyrir því, í hverju henni er áfátt. Upphæð nóttunnar er færð í aðalreikning um húsbýgginguna, dskj. 126, 5. bls., í tvennu lagi, og er síðari færslan leiðrétting. Verður stefnukröfunni því ekki breytt af þessum ástæðum.

f. Þá mótmæla stefndu því, að þeim beri skylda til að greiða andvirði hurða skv. dskj. 113, kr. 746.00, þar sem stefnandi hafi neitað að afhenda þær og þeir hafi því neyðzt til að láta smiða aðrar hurðir. Telja verður, að stefnandi hafi haft haldsrétt í hurðunum og öðru ónotuðu efni í hans vörzlum, meðan andvirði þess var ekki greitt, og ekki hefur verið sýnt fram á, að greiðsla hafi verið boðin fram fyrir hurðirnar. Þykja því mótmæli stefndu gegn þessum lið ekki á rökum byggð.

g. Þá mótmæla stefndu 23 nótum, samtals kr. 7558.03, vegna þess að stefnandi sjálfur hefur gefið þær út. Stefnandi hefur gefið þá skýringu um þetta, að ýmist hafi hann ekki fengið nótur um vörur þessar eða þær glatazt. Því er ekki haldið fram af hálfu stefndu, að verð á vörum þessum hafi verið óhóflegt, og þykir því ekki unnt að taka mótmæli þessi til greina, þar sem ekki eru heldur leiddar líkur gegn því, að efni þetta hafi farið í bygginguna.

h. Þá hafa stefndu krafist niðurfærslu kröfunnar um kr. 250.00, sem er í reikningi stefnanda talinn kostnaður við að flytja mold úr grunni hússins. Stefnandi viðurkennir, að samkomulag hafi verið um að koma moldinni burt, þannig að verðmæti moldarinnar og flutningsgjald stæðist á. Hins vegar hafi bifreiðin, er flutti moldina, stundum orðið að bíða vegna flutnings á efni úr grunninum og stundum vegna ills veðurs, og sé upphæð þessi gjald fyrir bifreiðina, meðan á þessum tögum stóð. Ekki þykir nægilega sýnt fram á, að tafir þessar hafi verið óhjákvæmilegar, og ber því samkvæmt kröfu stefndu að lækka kröfu stefnanda um þessa upphæð.

i. Þá krefjast stefndu 4000 kr. lækkunar á kröfum stefnanda til öryggis, til þess að fyrir það sé girt, að þeir bíði tjón fyrir „óreiðu og bruðl“ stefnanda með efni til byggingarinnar. Ekki þykir sýnt fram á, að stefnandi hafi viðhaft óreiðu og bruðl um efni til hússins, og verður þessi krafa því ekki tekin til greina.

3. Þá telja stefndu ofreiknuð vinnulaun við húsið kr. 6000.00 skv. dskj. 152, sbr. dskj. 148—150. Stefnu telja sig lengst af hafa skrifað vinnustundir starfsmanna við bygginguna og sé nokkurt ósamræmi milli vinnustundareiknings stefnanda og stefndu, að jafnaði stefndu í óhag, en þó nokkrum sinnum þeim í hag. Stefnu hafa raunar ekki lagt fram frumskýrslu sína um þetta, heldur einungis vitnað í hana. Verður því ekki talið unnt að byggja á henni, og þykir verða að leggja til grundvallar vinnulaunareikninga stefnanda að þessu leyti. Stefnu hafa sérstaklega mótmælt því, að stefnandi hefur goldið syni sínum 15 ára gömlum fullt kaup síðari hluta þess tíma, sem hann vann við húsið. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að honum hafi verið þetta heimilt, enda hafi hann talið, að pilturinn væri búinn að ná afköstum við

vinnu til jafns við eldri menn. Eftir atvikum þykir ekki rétt að taka til greina mótmæli stefndu um þetta, þar sem ekki hefur verið mælt á móti því, að pilturinn hafi einnig unnið byggingarvinnu sumarið áður og kauptaxti sá, sem gildi um vinnu drengja á þessum aldri, var einungis lágmarkstaxti.

Þá hafa stefndu sérstaklega mótmælt því, að stefnandi reiknaði sér kaup þann tíma, sem hann notaði til ýmissa útvegana og snúninga í sambandi við bygginguna, þar sem greiðsla fyrir slíkt sé innifalin í meistaralaununum samkvæmt verksamningnum. Á þetta verður ekki fallið. Stefnandi reiknaði sér að einhverju leyti sveinakaup við þetta eins og aðra vinnu við bygginguna, sbr. 4. gr. verksamningsins, dskj. nr. 4.

4. Þá hafa stefndu krafizt lækkunar á stefnukröfunni um kr. 200.00, sem er kostnaður við viðgerð á veggjum hússins samkvæmt mati dómkvaddra manna, sem að framan segir. Krafa þessi þykir á rökum byggð, og ber að lækka stefnukröfuna um þessa upphæð.

5. Stefnu mótmæla sérstaklega að greiða andvirði skráa, hurða og skáplæsinga skv. dskj. 61, 78 og 113, alls kr. 873.00. Atriði þessi felast öll í mótmælum stefndu í 2. f- og g-lið hér að framan, og er upphæðin því tvíreiknuð í mótmælum stefndu. Þar sem bresta þykir rök fyrir mótmælum þessum, verða þau ekki tekin til greina.

6. Stefnu telja, að húsbyggingin hafi verið skulduð fyrir of miklum bifreiðaakstri, þannig að ruglazt hafi milli annarra verka, er stefnandi hafði með höndum. Áætla þeir upphæð þessa kr. 600.00 og gera kröfu um lækkun sem henni nemur. Ekki þykja hafa verið færð rök fyrir þessu að öðru leyti en því, sem tekið er fram hér að framan um akstur á mold úr húsgrunninum. Verður lækkunarkrafa þessi því ekki tekin til greina.

7. Að lokum gera stefndu kröfu um lækkun stefnukröfunnar um kr. 750.00 vegna járnns, sem lánað hafi verið frá byggingunni, sbr. áritun aftast á dskj. 156. Stefnandi hefur upplýst, að áritun þessi sé uppskrift á járn, sem af gekk við bygginguna og sé þar enn þá. Stefnu hafa ekki véfengt þetta, og verður þessi lækkunarliður því ekki tekinn til greina.

Niðurstaðan verður því sú, að draga ber frá kröfu stefnanda um eftirstöðvar af byggingarkostnaði kr. 250.00 og kr. 200.00, og lækkar því upphæðin í kr. 35.449.56.

Skaðabótakröfu stefnanda, kr. 16.000.00, hafa stefndu mótmælt aðallega vegna þess, að uppsögnin hafi verið réttmæt, en til vara vegna þess, að stefnandi hafi ekki beðið tjón við uppsögnina. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið að framan, þykir uppsögn sammingsins ekki réttlætt nægilega af hálfu stefndu, enda þótt þeir hafi haft nokkra ástæðu til óánægju við stefnanda. Hins vegar hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi beðið tjón við uppsögnina, enda eru meistaralaun hans reiknuð með miðað við fullsmíðað hús í framangreindri kröfu um byggingarkostnaðinn. Þá er og kunnugt, að mikil eftirspurn var eftir mönnum í byggingariðnaði á þessum tíma. Þykir því mega sýkna stefndu af skaðabótakröfunni.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 35.449.56 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru, 4. febr. 1946, til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa vegna annrikis dómarans við yfirkjörstjórnarstörf og önnur embættisverk, er þoldu ekki við, auk þess sem mál þetta var allumfangsmikið.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Daviðsson, greiði stefnanda, Páli Friðfinnssyni, kr. 35.449.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. febr. 1946 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóvember 1949.

Nr. 75/1949. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**

(Hermann Jónsson)

gegn

**Steindóri H. Einarssyni** (Sigurgeir Sigurjónsson).

**Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.**

Skattamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl þ. á. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til lúkningar ógreiddum þinggjöldum frá árinu 1947, samtals að fjárhæð kr. 34.984.00, þ. e. eftirstöðvum tekjuskatts, kr. 13.266.00, eftirstöðvum tekjuskattviðauka, kr. 4727.00, og eftirstöðvum stríðsgróðaskatts, kr. 16.991.00, ásamt dráttarvöxtum af eftirstöðvum tekjuskatts og tekjuskattviðauka, samtals kr. 17.993.00, er reiknist 6% ársvextir frá 31. júlí 1947 til 31.